

eftirgjöfin u.þ.b. 44 milljónum króna, en u.þ.b. 168 milljónum króna árið 1983, sem ella hefðu komið til tekna. Sú eftirgjöf vaxta, sem samkvæmt framansögðu kemur til framkvæmda á árinu 1984 er á verðlagi 31. desember 1983 áætluð 61 milljón króna og mun að sjálfsögðu rýra tekjur ársins 1984, en er hvorki færð til skulda né gjalda á árinu.

Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild.

Með bráðabirgðalögum nr. 46/1983 var stofnuð ný deild við Fiskveiðasjóð, er heitir „Hagræðingar- og framkvæmdalánadeild“. Deild þessi var stofnuð til að koma í veg fyrir stöðvun fyrirtækja og atvinnuleysi í útgerð og fiskiðnaði, með því að veita tilteknum fyrirtækjum lán til hagræðingar og fjárhagslegrar endurskipulagningar. Deildin tók í þessu skyni kr. 120 000 000,00 lán með sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs, og hefur allri fjárhæðinni verið ráðstafað til útlána á árinu. Ársreikningur deildarinnar fylgir ársreikningi Fiskveiðasjóðs, en samkvæmt fyrrgreindum lögum skal fjárhagur hennar sérstaklega aðgreindur frá fjárhag annarra hluta sjóðsins.

REGLUGERÐ

um bann við fiskveiðum 21. nóvember til 31. desember 1984.

1. gr.

Frá og með 21. nóvember 1984 til og með 31. desember 1984 er bátum, sem eru minni en 10 brl., óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. nóvember 1984.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.